

Samþykktir 37. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
14. og 15. október 2021

Efnisyfirlit

Strandveiðar	2
Línuvinnun.....	2
Atvinnu- og byggðakvótar	2
Grásleppuveiðar.....	2
Aflamarkskerfið.....	3
Vigtun / Endurvigtun	3
Hámarkseign aflahlutdeildar – skyldleiki	3
Geymsluréttur	3
Heimilt að sleppa lífvænlegum fiski	3
Afladagbók	3
Handfæri.....	4
Lúðuveiðar	4
Dragnót.....	4
Svæðalokanir	5
Landhelgi / heimamið.....	5
Loðnuveiðar - flottroll.....	5
Hafrannsóknastofnun.....	6
Fiskifræði sjómannsins.....	6
Rannsóknir á lífríkinu.....	6
Hvalveiðar.....	7
Drónar	7
Skoðun gúmmíbáta	7
Nám í trefjaplasmíði	7
Lögskráning og mönnunarmál	7
Stjórn LS 2021 - 2022	8
Félagslegir skoðunarmenn.....	8

Strandveiðar

Aðalfundur krefst þess að lögfestir verði að lágmarki 48 dagar til strandveiða.

Aðalfundur leggur til að VS aflaregla gildi við strandveiðar og jafnframt að undirmálsfiskur teljist sem VS afli.

Aðalfundur leggur til að heimilt verði að skrá sig út úr strandveiðum og inn í þær aftur.

Aðalfundur leggur til að reynt verði með öllum ráðum að draga úr umframafli á strandveiðum.

Aðalfundur leggur til að 10% reglan um undirmál gildi á strandveiðum.

Aðalfundur leggur til að hægt verði að fara beint á aðrar veiðar eftir að strandveiðar klárast.

Aðalfundur LS krefst þess að 50.000 króna strandveiðigjaldið verði lagt niður og að þeim höfnum sem bryggjuskattinn hafa fengið verði gert skylt að upplýsa í hvaða framkvæmdir skatturinn hafi verið notaður í hingað til.

Línuívilnun

Aðalfundur skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun (sem framvegis myndi kallast umhverfisívilnun) þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn. Verði 30% við landbeitningu, 20% sé lína stokkuð upp í landi og 10% til vélabáta.

Atvinnu- og byggðakvótar

Aðalfundur leggur til að veiðiheimildir til jöfnunar (5,3%) verði eingöngu nýttar af dagróðrabátum undir 30 tonnum.

Aðalfundur LS leggur til að einungis dagróðrabátar minni 30 brt. eigi rétt á almennum byggðakóta. Honum verði úthlutað sem ívilnun við löndun þannig að tryggt verði hann nýtist eingöngu við fiskveiðar, þannig að heimildirnar verði í raun aldrei færður beint á báta heldur dragist frá vigt landaðs afla í hverjum róðri.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur leggur til að öllum sem stunda grásleppuveiðar verði tryggðir jafn margir veiðidagar.

Aðalfundur leggur til að heimilt verði að draga upp net í brælutíð án þess að veiðidagar telji á meðan.

Aðalfundur mótmælir harðlega þeirri aðferðarfræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr eftirlitsferðum Fiskistofu.

Aðalfundur leggur til að veiðistjórn á grásleppu taki mið af leyfilegum heildarafla.

Aflamarkskerfið

Aðalfundur samþykkir að LS skuldbindi sig til að berjast fyrir þá félagi sem enn eiga aflaheimildir, til jafns við önnur baráttumál félagsmanna.

Vigtun / Endurvigtun

Aðalfundur LS krefst þess að allur afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn nema þegar landað er á fiskmarkað þar sem fiskur er flokkaður og vigtaður af löggiltum hafnarvigtarmanni.

Hámarkseign aflahlutdeildar – skyldleiki

Aðalfundur LS krefst þess að reglur um hámarkseign aflahlutdeildar verði gerðar skýrari og viðmiðun á túlkun um skyldleika aðila verði þær sömu og notaðar eru um löggilta vigtarmenn.

Geymsluréttur

Aðalfundur LS leggur til að menn ávinni sér geymslurétt á kvóta með veiðireynslu.

Heimilt að sleppa lífvænlegum fiski

Aðalfundur LS leggur til að við krókaveiðar verði heimilt að sleppa lífvænlegum fiski undir 50 cm sem veiddur er á grunnslóð.

Afladagbók

Aðalfundur LS mótmælir því að bátar/sjómenn séu skyldaðir til notkunar rafrænnar aflaskráningar á dagróðrabátum. Fundurinn hafnar því algerlega að notendur appsins og Trackwell forritsins taki á nokkurn hátt þátt í kostnaði af appinu, þróun þess og notkun.

Greinargerð:

Telur fundurinn alveg fráleitt að sjómenn þurfi að senda inn í gegnum síma eða tölvur staðsetningu sína við veiðar og áætlaðan afla pr. dag.

Vill fundurinn benda Fiskistofu á að þessar upplýsingar er hægt að nálgast á mun aðgengilegri hátt. Ferla báta er hægt að nálgast langt aftur í tímann hjá nokkrum aðilum og aflatölur eru aðgengilegar hjá Fiskistofu skömmu eftir löndun.

Ætli Fiskistofa að halda rafrænni aflaskráningu til streitu beinir fundurinn því til skrifstofu LS að finna sanngjarna þóknun sem bátar/sjómenn geti rukkað Fiskistofu um fyrir að þjónusta. (Snjallsímar, tölvur og vinna)

Handfæri

Aðalfundur krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makríl.

Aðalfundur LS krefst þess að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um „faglega“ endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Fundurinn telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar heldur beita sektum eða veiðileyfissviptingu á þá aðila sem koma með of smáan fisk að landi.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda telur að handfæraveiðar eigi að vera frjálsar við Íslandsstrendur.

Lúðuveiðar

Aðalfundur LS leggur að heimilt verði að nýta hvítlúðu sem meðafla, enda ekki um beina sókn að ræða.

Dragnót

Aðalfundur LS leggur til að veiðar með snurvoð innfjarða og flóa verði óheimilar bátum lengri en 22 metrar. Bannið taki ekki til gamalla báta sem stundað hafa veiðarnar undanfarin ár.

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land.

Aðalfundur harmar viðtökur ráðherra sjávarútvegs, við erindi LS vegna dragnótaveiða í Skjálfanda. Eindregið er lagt til að kröfunni um lokun Skjálfanda fyrir dragnótaveiðum verði haldið áfram þegar nýr ráðherra hefur tekið við keflinu.

Svæðalokanir

Skápurinn

Aðalfundur LS lýsir ánægju sinni með reglugerðalokun á hluta „Skápsins“ utan Borgarfjarðar eystri, fyrir togveiðum. Reynslan af lokuninni sýnir svo ekki verður umdeilt að trillur sem róa frá Borgarfirði eystra hafa getað sótt á sín heimamið í haust, hafa ekki þurft að sækja 30 - 50 sjómílu á haf út, út fyrir togskipin. Veiði hefur verið með ágætum á handfæri eftir að svæðinu var lokað, það er gríðarleg breyting frá fyrri árum.

Umrædd lokun hluta skápsins er gerð með reglugerð til eins árs og gildir 1. júlí 2021 til 31. des 2021 reglugerð nr. 742/2021

Krefst fundurinn þess að lokunin verði sett í lög og gildi í það minnsta 1. júlí til 31. des á hvert.

Aðalfundur skorar á ráðherra að banna togveiðar með fiskibotnvörpu fyrir innan línu sem er dregin úr Öndverðarnesi í Bjargtanga.

Aðalfundur LS krefst þess að línan Selsker í Selsker á Breiðafirði haldist óbreytt eins og hún hefur verið í ára raðir.

Lokunarsvæði keiluhólf verði aflagt

Aðalfundur LS telur engin rök með því að viðhalda reglugerðarhólfi í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni sbr. 8. gr. reglugerð 961/2019 . Lokunin var sett á vegna friðunar á keilu og því ekki ástæða til að banna línuveiðar þar lengur.

Landhelgi / heimamið

Aðalfundur LS vill að lögfest verði landhelgi fyrir dagróðrabáta sem stunda veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum

Slík svæði verði friðuð fyrir ágangi togveiða. Aðalfundurinn bendir á frábæra reynslu við minnkun Skápsins við Borgarfjörð Eystri.

Loðnuveiðar - flottroll

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að heimila ekki veiðar með flottrolli á komandi loðnuvertíð.

Greinargerð:

Allt bendir til að við Íslendingar fáum stóra gjöf, þ.e. myndarlegan loðnukvóta. Við slíkar fréttir er rétt líta um öxl.

Við höfum ekki veitt með flottrolli, í tvö til þrjú ár og eru áhrif þess þegar komin fram. Bent skal á stærsta stofn loðnu í áratugi og grásleppu þar sem stofninn hefur tvöfaldast.

Margt bendir til að veiðar með flottrolli hafi komið í veg fyrir að unglöðna hafi náð að lifa auk þess sem grásleppan hafi ekki náð sér á strik.

Það er tilraunarinnar virði að veiða loðnu, eingöngu í nótt og sjá til hvort við náum að verja þessa stofna. Mikið er í húfi fyrir þjóðina að vel takist til, milljarða spursmál. Tilraunin gæti reynst með þeim stærstu í sögu fiskveiða, við Ísland. Stórútgærdin sem hefur loðnukvótann, er vel í stakk búin til að nota nótt við veiðarnar. Það er skylda okkar hverju sinni, að nýta fiskimiðin með ábyrgum hætti, þannig að sem mestur arður náist í náinni framtíð. Höfum í huga að við eigum ekki fiskinn í sjónum. Við erum aðeins með nýtingarrétt á honum.

Hafrannsóknastofnun

Aðalfundur LS leggur til að starfsaðferðir Hafrannsóknastofnunar um stofnstærðarmat nytjastofna verði teknar til skoðunar.

Fiskifræði sjómannsins

Aðalfundur LS leggur til að nefnd, skipuð fiskifræðingum, fiskverkendum og starfandi og fyrrverandi sjómönnum, verði sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um nýtingu hafsins. Sé slík nefnd til þá þarf að endurvekja hana, því ljóst er að ekki hefur verið tekið tillit til fiskifræði sjómannsins.

Rannsóknir á lífríkinu

Aðalfundur LS vill að skoðaðar verði lífslíkur smáporsks sem sleppt er á grunnsævi.

Aðalfundur LS lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu vistfræðilegra rannsókna á fiskistofnum við Ísland. Ljóst er að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar t.d. í þorski, grásleppu og fleiri tegundum hafa engan veginn staðist og skýringar Hafrannsóknastofnunar, eru ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Skorar LS á nýtt Alþingi að beita sér sem fyrst fyrir því að úttekt verði gerð á stofnuninni af hlutlausum aðilum og stefna hennar tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Aðalfundur LS lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun sæbjúgnaveiða og vill að áhrif þeirra á botndýr, botn og búsvæði fiska verði rannsökuð hið fyrsta. Telur fundurinn að áhrif veiðanna séu geysileg þar sem sífellt stærri og öflugri skip eru notuð til veiðanna, t.d. er lágmarkspýngd sæbjúgnaplógs eitt tonn.

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskseiða.

Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um frekari friðanir á Breiðafirði, þar á meðal stofnun þjóðgarðs í sjó eða skrá svæðið á heimsminjaskrá UNESCO.

Hvalveiðar

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að styðja við áframhaldandi ábyrgar veiðar á hvöllum.

Drónar

Aðalfundur LS mótmælir drónaefirliti Fiskistofu og telur það brot á friðhelgi einkalífsins. LS framleiði límmiða sem sjáist úr lofti:

„Myndataka óheimil án samþykkis skipstjóra“.

Skoðun gúmmíbáta

Aðalfundur LS leggur til að skoðun gúmmíbáta verði annað hvert ár.

Nám í trefjaplastsmíði

Aðalfundur LS óskar eftir að menntamálaráðuneyti ljúki gerð námsskrár um námskeið í trefjaplastsmíði sem útskrifi nemendur með viðurkennd réttindi.

Lögskráning og mönnunarmál

Aðalfundur LS mótmælir forminu á lögskráningarsíðu Samgöngustofu, þar sem krafist er tveggja réttindamanna, við einmenningssjósókn ef veiðiferð varir lengur en 14 klukkustundir. Teljum við að engin heimild sé í lögum fyrir þessari takmörkun.

Aðalfundur LS hafnar túlkun samgöngustofu á nýjum mönnunarreglum á bátum 6 - 15 metrum/vélarstærð yfir 250 kW, reglum sem kollvarpa rekstrarumhverfi smábáta þar sem gerð er krafa um allt að fjóra réttindamenn sé farið yfir 14 tíma útiveru.

Stjórn LS 2021 - 2022

Arthur Bogason formaður	Reykjavík
Andri Viðar Víglundsson varaformaður	Ólafsfirði
Einar Helgason	Patreksfirði
Finnur Sveinbjörnsson	Reykjavík
Guðbrandur Magnússon	Garðabæ
Guðlaugur Birgisson	Djúpavogi
Guðni Már Lýðsson	Skagaströnd
Halldór Ármannsson	Njarðvík
Halldór R. Stefánsson	Þórshöfn
Jóhannes Simonsen	Akranesi
Karl Heimir Einarsson	Höfn
Magnús Jónsson	Kópavogi
Már Ólafsson	Hólmavík
Ragnar Þór Jóhannsson	Vestmannaeyjum
Runólfur J. Kristjánsson	Grundarfirði
Stefán Hauksson	Þorlákshöfn
Þórður Sigurvinsson	Suðureyri

Félagslegir skoðunarmenn

Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði eystri
Runólfur J. Kristjánsson	Grundarfirði